



## NÚVERANDI ÁSKORANIR

Markús er að vinna fyrir verkalýðsfélagið á staðnum en menntun hans og reynsla nýtast illa í starfinu og honum finnst hann ekki vera að njóta sín þar.

Það er ekki mikið um störf við hans hæfi á staðnum en þau vilja helst hvergi annars staðar búa enda rætur þeirra fyrir austan og börnin bæði í skóla og líður vel.

Markús er að sækja um vinnu hjá stofnun sem sinnir verkefnum sem falla fullkomlega að hans sérþekkingu og menntun en vinnustaðurinn er talsvert langt í burtu og útilokað að keyra til vinnu daglega.

# MARKÚS

## SÉRFRÆÐINGUR Í VINNUMARKAÐSMÁLUM

ALDUR 28

KYN Karl

ÞJÓÐERNI Íslenskur

**FJÖLSKYLDUAÐSTÆÐUR** Giftur, á tvö börn á grunnskólaaldri, fjölskyldan býr í þéttbýliskjarna á Austfjörðum

**STARF/FERILL** Vinnur hjá verkalýðsfélagi. Er með meistaraþráðu í viðskiptafræði með sérþekkingu á launagreiningum og starfaflokkun. Er auk þess með BA gráðu í kynjafræði og hefur unnið að jafnréttismálum á fyrrum vinnustöðum.

## VIÐHORF OG TILFINNINGAR

- Markús er jákvæður og sjálfstæður í vinnu.
- Hann er fróðleiksfús og drífandi og ferilskrá hans endurspeglar það.
- Hann á ekki í neinum vandræðum með að fá góð meðmæli og allir sem leitað er til bera honum góða sögu.
- Hann á auðvelt með samskipti og er almennt vel liðinn af samstarfsfólki og yfirmönnum.

## HVATNING

- Markús er mjög spenntur fyrir starfinu enda fellur það vel að hans menntun og reynsla auk þess sem hann brennur fyrir jafnréttismálum og myndi njóta þess mjög að fá að sinna þeim málum að atvinnu.
- Hann væri tilbúinn að leggja á sig reglulegar ferðir á starfsstöðina en þau geta ekki hugsa sér að flytja búferlum með fjölskylduna.

## VINNUAÐSTÆÐUR

- Það er í raun ekkert við starfið sem hann gæti ekki sinnt í fjarvinnu, enda að mestu um að ræða vinnu sem fer fram í tölvu og fundi sem hægt er að taka í gegnum fjarfundarbúnað.
- Hann er með skrifstofu heima og góða nettengingu þannig að hann er sannfærður um að staðsetning ætti ekki að vera vandamál.
- Hann ætti að geta sinnt starfinu að heiman eða frá starfsstöð í heimabæ sínum ef stofnunin vildi það frekar.

## Spurningar stjórnanda

- Markús er í raun fullkominn í starfið. Hvað þýðir það ef ég ræð hann í fjarvinnu?
- Hvaða áhrif hefur það á annað starfsfólk ef við leyfum Markúsi að vinna vinnuna sína að mestu að heiman? (höfum lagt áherslu á að hafa allt starfsfólk á starfsstöðinni og við höfum hafnað beiðnum um að fá að vinna að heiman).
- Hvaða áhrif hefur það á mórallinn á skrifstofunni?
- Hvaða áhrif hefur það að einn starfsmaður á lítilli skrifstofu er ekki hluti af hópnum?
- Verður hann einhvern tímann hluti af hópnum með sama hætti og annað starfsfólk?
- Væri hann til í blandaða leið þar sem hann myndi koma og vera á skrifstofunni um ákveðinn tíma í hverjum mánuði?

## Spurningar samstarfsfólks

- Við erum alveg nokkur sem myndum gjarnan vilja vinna meira að heiman en höfum ekki fengið leyfi til þess. Við yrðum mjög ósátt ef að einhver einn fengi að vinna að heiman en aðrir ekki. Það sýnir bara að það er ekkert því til fyrirstöðu að vinna að heiman annað en tilfallandi stefna yfirmanna.
- Mun hann verða ráðinn?
- Hverju breytir það fyrir okkur?
- Megum við þá vinna að heiman líka?



## Spurningar einstaklingsins

- Myndi ég flytja ef það væri eini möguleikinn í stöðunni eða yrði ég að hafna starfinu ef mér byðist það?
- Gæti ég unnið að hluta á starfsstöðinni og að hluta heima?
- Hvaða áhrif hefði það á fjölskylduna og sambandið?

## Spurningar stefnumótenda

- Þurfum við að endurskoða þá stefnu að hafa allt starfsfólk á skrifstofunni?
- Erum við kannski að missa af mjög sterku starfsfólki með að leyfa ekki fjarvinnu?
- Hvað með byggðasjónarmið?
- Gætum við verið að leggja okkar af mörkum til að efla dreifðari byggðir með að leyfa fjarvinnu?
- Er það gott fyrir stofnunina út á við?
- Hvaða hagsmuni viljum við hafa í fyrirrúmi?